

Opununarávarp í Norræna húsinu 11. júní 2015 á opnum fundi á vegum
Alþjóðamálastofnunar HÍ í samstarfi við Norræna húsið og Reykjavíkurborg.

Hrund Gunnsteinsdóttir
Próunar- og átakafræðingur

„Við og Hinir” í breyttum heimi

1.

Hvað **er** friður? Hvað **er** stríð?

Eða er kannski réttara að spyrja: Hvað **var** friður? Hvað **var** stríð?

Alþjóðlegar skilgreiningar á stríði og átökum hafa breyst í gegnum tíðina. Ég er þeirrar skoðunar að í dag vitum við ekki alveg hvað stríð er. Mörk milli stríðs og friðar eru að færast til. Þar sem ríkir friður geta geisað átök undir niðri. Til dæmis í netheimum. Hvernig og hvenær þau koma upp á yfirborðið getur átt sér töluvert aðra mynd en átök á vígvelli, eða vopnuð átök vígaherja nútímans.

Það er mikilvægt að við opnum hugann fyrir því að endurskoða hvað friður og stríð felur í sér.

Hvers vegna?

2.

Svona lítur heimurinn út sem við búum í (mynd).

Heimurinn sem við búum við í dag er flóknari en nokkrum sinnum áður, enginn veit í raun hvernig hann lítur út eða í hvaða átt hann er að þróast. Það er líka óljóst hver er við stjórnvölinn.

Í skýrslu á vegum MacArthur stofnunarinnar í Bandaríkjunum er því spáð að 65% skólakrakka eigi eftir að vinna störf í framtíðinni sem hafa ekki verið fundin upp¹. Svo örar og miklar eru breytingarnar.

Sú óljósa framtíð sem blasir við skólakrökkum, blasir við okkur fullorðna fólkinu líka. Alþjóðamálastofnunin *The World Policy Institute* í Bandaríkjunum, sem gefur út *The World Policy Journal*, hóf útgáfuárið 2015 á yfirskriftinni „Hið óþekkt“ eða *The Unknown* og vísar þar í óvissuna sem einkennir okkar nánustu framtíð.

Eins og álitsgjafar tímaritsins benda á, vekur óvissan um hvað framtíðin ber í skauti sér mikinn ótta meðal fólks um allan heim þar sem við höfum litla sem enga þjálfun í því að takast á við hið óþekkt.

3.

Rannsókn hagfræðingsins og bókahöfundarins Noreenu Hertz, sem hún gerði á 1000 stúlkum fæddum 1995-2002 í

¹ Davidson, C. Goldberg, D. (2009) *The Future of Learning Institutions in a Digital Age* <http://mitpress.mit.edu/books/future-learning-institutions-digital-age>

Bandaríkjunum og Bretlandi, leiddi í ljós að þær eru almennt varar um sig og gríðarlega áhyggjufullar um framtíðina.

Spurningarnar sem hún lagði upp með voru: Hvað er þeim annt um? Hvað veldur þeim áhyggjum? Hvað vilja þær? Og hvaða afleiðingar hafa svörin við þessum spurningum á pólitíska, félagslega og efnahagslega framtíð okkar?

Næst á eftir því að missa snjallsímamann í klósettið, bera þær kvíðboga yfir loftslagsbreytingum, eigin framtíð, ójafnrétti, hryðjuverkum og fjármálum.

66% hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum. 50% hafa áhyggjur af þróun mála í tengslum við Íran. 86% hafa áhyggjur af því að fá ekki vinnu; 77% hafa áhyggjur af því að skulda peninga; 75% af táningsstúlkum hafa áhyggjur af hryðjuverkum.

Við skulum ekki gleyma því að öfgasamtökin ríki Íslams, Isis, halda úti einni öflugustu ráðningarherferð sem fyrirfinnst á netinu. Ungir menn spyrja: mig langar að koma og berjast með ykkur, en ég er með spangir, eruð þið með tannréttingalæknir? Ég á fjölskyldu, má hún koma með? Svörin eru já. Þeir spyrja: má ég eiga kynlífsþræl og má hún vera barn? Svarið er já, en hún þarf að vera af annarri trú og ef hún er barn þarf móðir hennar þarf að koma með henni. Hvað er í laun? Dvöl í himnaríki. Fyrir unga menn um allan heim þar sem atvinnuleysi, valdaleyfi og úrræðaleyfi blasa við, er þetta raunverulegur kostur.

Andlegt ástands fólks í heiminum er mjög slæmt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO spáir því að árið 2020 verði þunglyndi orðin ein helsta heilsufarsógnin um heim allan².

Árið 2013, íhuguðu 22% af stúlkum í bandarískum framhaldsskólum alvarlega að fremja sjálfsmorð, skv. upplýsingum frá Bandarísku Heilbrigðismálastofnuninni. Í Bretlandi hefur fjöldi táninga sem lagðir hafa verið inn á spítala eftir að hafa valdið sjálfum sér skaða þrefaldast á sl. 10 árum³. Samfélagsmiðlar setja olíu á eldinn bæði hjá drengjum og stúlkum. Tölvuleikur seljast í milljónum eintaka, því meira ofbeldi því meiri sala, ungt fólk eignast vini í netheiminum og fá mikla hvatningu án mikillar fyrirhafnar fyrir að drepa og nauðga á skjánum. Börn og unglingar, mótast af þessu efni og öru hvatakerfi þess.

Mikið hefur verið fjallað um áhrif tölvuleikja á hegðun barna og fullorðinna. Mest seldi tölvuleikur heims, Grand Theft Auto, sem seldist í 23 milljónum eintaka á fyrstu 24 tímunum, er fullur af ofbeldi og eftir því sem ofar dregur eru engin lög né mörk á gríðarlega grófu ofbeldi gegn konum.

Í útvarpsviðtali í Bandaríkjunum svaraði einn forsvarsmanna tölvuleikjafyrirtækja þar í landi eitthvað á þá leið: “ja, tja innihaldið

² World Health Organization (2012) *Depression* sótt 10 apríl 2015 af <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs369/en/>.

³ Young Minds, UK

er ekki svo gróft, eða jú það er eiginlega mjög gróft, en ef við lítum í kringum okkur þá er öll okkar afþreyingarmenning svona hvort eð er.”

Heilinn okkar venst nýrri reynslu, og þegar hann venst henni þá hættum við að veita henni sérstaka athygli.

Rannsóknir gefa til kynna að samkennd sé að minnka meðal barna og ungmenna. Ef samkennd hverfur, hvers konar samfélag stöndum við þá uppi með?

4.

Í fyrrnefndri rannsókn voru stúlkurnar spurðar hverjum þær treystu til að taka ákvarðanir fyrir sína hönd, 4% sögðust treysta stórum fyrirtækjum (samanborið við 60% fullorðinna). Ein af hverjum 10 treystu stjórnvöldum til þess að taka ákvarðanir þeim til heilla, helmingi færri en kynslóðin á undan þeim. Reynast niðurstöður könnunarinnar marktækar, hafa þær gríðarlega miklar afleiðingar fyrir framtíðina.

Það að endurheimta og byggja upp það traust sem vantar, er þess vegna áskorun sem stjórn mála flokkar héraendis sem erlendis þurfa að takast á við.

5.

Grunnstef átaka er skiptingin í okkur og hina. „Við og hinir”.

Nýleg dæmi úr sögunni:

Átökin í Rúanda og Júgóslavíu á 10. áratugnum.

Í báðum tilfellum voru áróðursmaskínur sem gengu út að fylkja fólki í lið – lið gegn hvoru öðru. Fjölmiðlar léku stórt hlutverk í báðum átakasvæðum. ‘Við og hinir’ voru skýrt skilgreindir – á grundvelli þjóðernis eða trúarbragða, sem hafði í raun ekki svo djúpa þýðingu en var leið til að ná völdum og tvístra samfélögum fólks. Takmarkið var að afmennska “hina” til að réttlæta meiðandi orðræðu og loks blóðug átök.

Þessi skipting – í okkur og hina – er til alls staðar, í öllum samfélögum. Hún er mismikil.

Í öllum tilfellum er hún grunnforsenda átaka.

Á þessari skiptingu í okkur og hina er stigsmunur. Ekki eðlismunur.

Fín lína milli menningar og átakamenningar.

6.

Það má færa fyrir því rök að um allan heim sé að eiga sér stað klofning – ‘pólarisering’, á milli ólíkra samfélagshópa.

Á sama tíma og töluvert vantraust ríkir t.d. gagnvart stjórnvöldum og stjórnámálamönnum víða og ótti um samtímann og framtíðina er töluverður líka, verður þessi klofning sérlega varhugaverð.

Við skipum okkur í fylkingar, með eða á móti fóstureyðingum, með eða á móti femínístum, innflytjendum og trúarhópum. Við skiptum okkur í fylkingar eftir stjórnmálaflokkum.

Sem færir okkur til Íslands. Á Íslandi er bæði klofning og vantraust. Fólk treystir ekki öðrum af því að viðkomandi er í öðrum stjórnmálaflokki. Fulltrúi vinstri flokks fer í blaðaviðtal á Morgunblaðinu og biður vini sína og féлага afsökunar á facebook. Stjórnmálaafli vill brúa og byggja kærleiksríkara samtal en fellur í þá gryfju að skilgreina sig “frá hinum” í stað þess að skilgreina sig alfarið á eigin forsendum.

Við þekkjum öll þessi viðkvæði: “ég er alla vega ekki eins og þessi. Eða nú talar þú eins og sjálfstæðismaður, framsóknarmaður eða vinstri maður.”

Þegar okkur gengur til að skapa frið er mikilvægt að halda sig við það sem við eigum sameiginlegt, ekki það sem greinir okkur að. Hvað við segjum og hvernig við segjum það, hvort við séum að bjóða til samtals eða stuðla að því að “hinir” hrökkvi í vörn, er gríðarlega mikilvægt að hafa í huga í þessu samhengi.

Og í andrúmslofti eins og því sem virðist ríkja á Íslandi í dag, krefst það hugrekkis að lýsa yfir ánægju með störf “hinna” – oft fólks í öðrum stjórnmálaflokkum en maður tilheyrir sjálfur.

Að þora að vera sammála hinum verður þess vegna gríðarlega mikilvægt, þegar byggja á brýr. Og slíkt hugrekki er að finna í

einstaklingum. Það eru ekki stofnanir sem leiða slík samtöl, það eru alltaf einstaklingar sem taka það skref.

7.

Þegar klofning á milli okkar og hinna verður svo skýr að hún stendur þjóðþrifamálum fyrir þrifum í töluverðan tíma, þá er ástæða til að taka hana alvarlega.

Mig langar að skilja ykkur eftir með 5 hluti sem mér finnast hafa reynst best í friðaruppbyggingarstarfi:

A. Samkennd / Hluttekning

Setja fordæmi fyrir því að leita að því sammanlega – ekki því sem afmennskar eða greinir okkur að. Ekki bara tala um það, - gera það.

Setja sig í spor annarra. Að þora að vera sammála “hinum”. Að leggja sig fram við að sjá aðstæður og sjónarmið með gleraugum “hinna”.

Ég versus þú er öngstræti. Það skapar reiði, ótta og særindi og dregur verulega saman fókus okkar og setur hugann í lágmarks virkni og litar hann af ótta.

Fyrir okkur sem hér sitjum: átta okkur á þeim forréttindum sem í því felast að fæðast á stað í heiminum þar sem hvorki er her né stríð né hungur né einræði. Þessu fylgir ábyrgð. Hvernig förum við með þessa ábyrgð? Hvernig hugsum við hana þegar við erum ein með

sjálfum okkur? Hvernig hugsum við hana í ólíkum hópum sem við tilheyrum?

B. Tilfinningagreind

Röhugsun og lógík nægir ekki ein og sér til þess að leysa átök eða stuðla að friði. Tilfinningar reka fólk áfram í átt að átökum og lausn þeirra⁴.

Þegar að við lærum að lesa í tilfinningar annarra, setja okkur í spor “hinna” og skynja hvað þeim stendur næst, er möguleiki á því að opna á tilfinningar eins og forvitni, skuldbindingu og jafnvel samkennd.

C. Eignarhald

Það er mikilvægt að breiður hópur komi að friðarstarfi, líkt og verið er að gera hér í dag.

Mín reynsla af friðaruppbyggingu í Kósóvó hefur kennt mér að það að hlusta á hvað fólk stendur hugur til, hvar hæfileikar þeirra og ástríður liggja og vinna útfrá því, getur haft gríðarleg áhrif á það úthald og skuldbindingu sem friður krefst af fólk.

Bæði verður friðurinn virkari og líklegri til að svara þörfum og löngunum.

D. Breitt samstarf

⁴ Dr. Daniel Shapiro sérfræðingur í friðarfræðum og samningaviðræðum við Harvard háskóla skrifar mikið um þetta.

Mín reynsla er sú að til að byggja frið þarf að byggja brýr.

Að vinna þvert á sérþekkingu og stofnanir og samfélög skapar breiðari samstöðu, fleiri lausnir og skapar tengslanet – gerir fólki kleift að kynast, horfast í augu og setja sig í spor annarra.

Án þessa er erfitt að minnka tortryggni og vantraust. Til þess að slíkt samstarf geti orðið, þarf sterka sýn. Það verða aldrei allir sammála – en hvert er endamarkmiðið?

E. Framtíðarsýn – sameiginlegt markmið

Þegar átök standa yfir eða stríði hefur nýlokið er mjög erfitt að ætla fá fólk til þess að setjast niður og tala um það sem það greinir á um.

Mín reynsla er sú að besta leiðin er að finna það sem fólk á sameiginlegt og byggja á því. Núið er of nálægt fólki á ólgutímum, þegar það á um sárt að binda, er reitt og klofning á milli okkar og hinna er hvað dýpst. Þess vegna getur sameiginleg framtíðarsýn skipt sköpum. Og það er svo margt personulegt sem leysist á leiðinni.

Ég er ein af þeim sem finnst við Íslendingar jafnt og önnur lönd skorta framtíðarsýn. Við erum föst í lúppu 4 ára kosninga hrings, það er akkilesarhæll lýðræðisins í heimi sem breytist hratt og krefst langtímahugsunar – og langtíma hugsjóna. Þetta á við um Ísland líka. Stjórnámálamenn horfa almennt ekki lengra en til næstu

kosninga, það er enginn veruleg orka sett í það að ná fram sameiginlegri sýn til lengri tíma.

Hugsjónir breyta heiminum. En tökum við drauma og hugsjónir alvarlega? Spyrjum við fólk hvað það dreymir um? Vitum við hvað íslensk ungmenni dreymir um?

Til að leysa stórar áskoranir í heiminum í dag, á Íslandi í dag, þarf samvinnu margra aðila, tilfinningagreind, finna sameiginleg langtíma markmið og virða ágreininga. Ekki halda friðarfund um það sem fólk greinir á um. Haldið samkomur þar sem fólk setur sér fyrir sjónir markmið þar sem það mætir hvoru öðru í mennskunni.

Ísland er valdalítið smáríki. Við erum gríðarlega auðug af svo mörgu. Styrkur okkar felst í því að geta þjálfað okkur í því að vera boðberar friðar og langtíma framtíðarsýnar – sem er hægt að byggja upp. Því eins og heimurinn er í dag, eru máttugustu ríki heims ekki endilega í aðstöðu til þess að stuðla að friði í öllum tilfellum.

Ricken Patel, stofnandi mannréttindasamtakanna og netsamfélagsins Avaaz.org sem 40 milljónir jarðarbúa eru félagar í, segir það úbreiddustu mýtu samtímans að einstaklingurinn geti ekki haft áhrif. Ég held að um leið og við trúum því og mótum okkur stefnu samkvæmt því að einstaklingar, sköpunarkraftur og náungakærleikur geti haft áhrif, þá getur frjósamt og friðsælt samfélag orðið að veruleika til langs tíma. Í dag mannlegt samfélag ólgandi á margan hátt. Mörg hugmyndafræðikerfi í gangi í einu,

bókstafstrú blossar upp bæði í trúarbrögðum og öðrum hugmyndakerfum, það er næstum því eins og mannlegt samfélag snúi á rönguna. Innyflin standa út og eru til sýnis og allt er mögulegt. Þess vegna trúi ég því líka að nú sé tíminn til þess að hlúa sérstaklega að uppbyggilegum hugsjónum og fallegum draumum.